



Fyrsta fréttabréf EXTOR (2023-1-IT01-KA220-VET-000154283 - Experiential tourism for sustainable rural development), verkefni tileinkað því að efla sjálfbæra byggðapróun, upplifunartengda og nærandi ferðapjónustu, umhverfisvernd- og aðgerðir, frumkvöðla og auka tækifæri til þjálfunar og tengslamyndunar.

Upphafsfundur

Samstarfsaðilar EXTOR komu saman í Palermo 20 - 21 febrúar 2024 á upphafsfundi verkefnisins. Á fundinum voru markmið verkefnisins kynnt, farið yfir helstu verkþætti, hlutverk og skiptingu ábyrgðar.

Fundurinn var jafnframt tækifæri fyrir hópinn að kynnst innbyrðis. Hér til hægri má finna stutta kynningu á samstarfsaðilum EXTOR!



Verkefnastjórn: LAND er óhagnaðardrifið samfélagsfyrirtæki með það markmið að stuðla að nýsköpun í landbúnaði og orkumálum, hvetja til grænna umskipta til að varðveita náttúru og landslag.

INFODEF, Institute for the Promotion of Development and Training, er sjálfstæð miðstöð rannsókna, þróunar og nýsköpunar.



Center for Social Innovation (CSI) er rannsóknar- og þróunarstofnun sem leggur áherslu á að hlúa að samfélagslegri nýsköpun sem stuðlar að jákvæðum breytingum bæði í nærumhverfi og alþjóðlega.

Die Berater Unternehmensberatungs GmbH leggur áherslu á starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og þróun mannauðs.



Olympic Training stofnað árið 1995 í Pyrgos Elis sem starfsmenntamiðstöð sem leggur nú einnig áherslu á ráðgjöf.

Einurð er samfélagsfyrirtæki með áherslu á verkefni tengd fullorðinsfræðslu og samfélagsþróun.



ReadLab Brussels er stofnun sem vinnur að ráðgjöf og stefnumótun, rannsóknum og þróun og er staðsett í hjarta Evrópu, Brussel.




Co-funded by
the European Union

The European Commission's support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.



EXperiential TOURism for sustainable RurAl development



Opnun á Gagnvirka Kortinu

Við erum spennt að kynna EXTOR Gagnvirka Kortið, sem má finna á heimsíðu verkefnisins! Á kortinu má finna fyrirmyndir og dæmi um þróun í upplifunar- og nærandi ferðaþjónustu í dreifbýli í Evrópu. Notendur geta nýtt þær sem námsefni eða fyrirmyndir en auk þess má finna á kortinu upplýsingar um ólíkar fræðsluþarfir samstarfslandanna. Með kortinu er stuðlað að þekkingar-yfirfærslu og tengslamyndun þvert á landamæri auk þess að vera innblástur í framtíðarþróun ferðaþjónustu í dreifbýli.

Skoðaðu þróun ferðaþjónustu í dreifbýli í Evrópu og fáðu innsýn frá fyrstu hendi þeirra aðila sem standa að baki þeim fyrirmyndum sem kynntar eru. Heimsæktu EXTOR heimasíðuna og kynntu þér málið!



Sameiginlegur Rammi Starfsnáms - Þátttaka í spurningakönnun

Við erum spennt að kynna sameiginlegan ramma fyrir starfsmenntun í ferðaþjónustu í dreifbýli sem verður aðgengilegt á vefsíðu okkar innan skamms. Ramminn fangar innsýn frá frumkvöðlum, fagfólki og fræðsluaðilum í ferðaþjónustu í dreifbýli frá sex samstarfslöndum og veitir leiðsögn um aðlögun starfsþjálfunar til að mæta þörfum greinarinnar. Helstu markmið eru samræmd við stefnu ESB um sjálfbæra þróun og ramminn tekur á færniþörfum og gloppum í framboði á starfsmenntun og leggur áherslu á sérsniðna nálgun við starfsþjálfun ferðaþjónustu í dreifbýli

Til að próa og aðlaga afurðir verkefnisins frekar köllum við eftir endurgjöf fagfólka í ferðaþjónustu og fræðsluaðilum með matsspurningum sem verður dreift á næstu dögum. Niðurstöðurnar munu styðja okkur í því að próa afurðir EXTOR. Framlag ykkar skiptir sköpum fyrir færniuppbyggingu í ferðaþjónustu í dreifbýli!



Co-funded by
the European Union

The European Commission's support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.



EXperienCial TOURism for sustainable RURAL development



Fundur hagaðila & tengslamyndun

Einurð, skipulagði vettvang fyrir tengslamyndun hagaðila í tengslum við fund samstarfsaðila á Íslandi í október 2024.

Viðburðurinn var tækifæri fyrir samstarfsaðila að tengjast hagaðilum í íslenskri ferðaþjónustu og fá dýrmæta innsýn. Á fundinum kynntu íslenskir hagaðilar reynslu sína og verkefni tengd endurnærandi ferðaþjónustu.

Annar fundur samstarfsaðila á Íslandi!

Annar fundur samstarfsaðila fór fram í Reykjavík 29-30 október 2024. Samstarfsaðilarnir lögðu mat á stöðu verkefnisins, þarfagreiningu, tilviksrannsóknir og fyrirmyndir um upplifunartengda og nærandi ferðaþjónustu í dreifbýli og ræddu sameiginlegan ramma EXTOR fyrir starfsþjálfun.

Fundurinn var einnig nýttur til að ræða og skipuleggja næstu skref í þróun á námsefni og kennsluaðferðum fyrir ferðaþjónustuaðila í dreifbýli.



Heimasíða EXTOR er komin í loftið og þar er aðgengi að öllum afurðum verkefnisins sjá: <https://extor-project.eu>.

Ekki missa af nýjustu fréttum af verkefninu, en þú getur fylgt okkur á [Facebook](#) síðunn og Youtube rásinni okkar.



The European Commission's support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.